

**Nd.**

**610. Nefndarálit**

**[185. mál]**

um frv. til l. um framlengingu á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þegar nefndin ræddi þetta mál, kom í ljós, að ég gat ekki orðið sammála meiri hlutanum um réttmæti þess, að sú undanþága frá skattgreiðslu, sem í frv. er gert ráð fyrir til handa Eimskipafélaginu, sé nauðsynleg eða sanngjörn.

Um Eimskipafélag Íslands má að sjálfsögðu margt gott segja. En efnahagur félagsins gefur ekki tilefni til þess að ætla, að það þurfi að njóta sérstaks skattfrelsis. Þjónusta félagsins við landsmenn almennt er ekki heldur svo óumdeilanleg, hvorki að því er varðar farmgjöld né fyrirkomulag siglinga, að skattfrelsi til handa félaginu sé af þeirri ástæðu réttmætt.

Ég legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 19. apríl 1955.

Karl Guðjónsson.